



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Hafnarhúsingi við Tryggvagötu
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. mars 2018.

Efni: Athugasemdir Bændasamtaka Íslands vegna heildarendurskoðunar á umferðarlögum nr. 50/1987

Tilv. 2017020010

Bændasamtök Íslands vilja koma eftirfarandi á framfæri vegna heildarendurskoðunar á umferðarlögum nr. 50/1987 sem nú stendur yfir í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Í kjölfar dómsuppkvaðningar í héraðsdómi Suðurlands 1. nóvember 2016 (mál nr. S-17/2016), þar sem ökumaður var sakfelldur fyrir að hafa óskráðan eftirvagn í eftirdragi á þjóðvegi, vöknudu spurningar um túlkun á 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þar er m.a. kveðið á um undanþágu frá skráningarskyldu fyrir eftirvagna dráttarvéla og bifreiða, sem gerðir eru fyrir meira en 750 kg að heildarþyngd, enda séu þeir nær eingöngu notaðir utan opinberra vega.

Bændasamtök Íslands hafa talið þörf á nánari skýringu þess hluta ákvæðisins er snýr að undanþágu frá skráningarskyldu, þ.e. í hvaða tilvikum eftirvagnar teljist nær eingöngu notaðir utan opinberra vega. Nánari útfærslu á ákvæðinu er hvorki að finna í lögskýringargögnum né reglugerð. Af því tilefni sendu samtökin fyrirspurn til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þann 24. febrúar sl. Var þess óskað að ráðuneytið svaraði erindinu sem fyrst ásamt leiðbeinandi afmörkun eða nánari skilgreiningu á orðalaginu „sem nær er eingöngu notaður utan vega“. Svar við fyrirspurninni barst skriflega þann 8. september sl. en ráðuneytið hafði leitað til Samgöngustofu eftir umsögn.

Í svari ráðuneytisins sagði að með lögum nr. 130/2015 hafi umferðarlögum verið breytt á þá leið að í 2. mgr. 63. gr. væri ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð og kveða þar á um undanþágu frá skráningu ökutækis sem er ætlað til aksturs utan almennrar umferðar. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segði að eftirvagn bifreiða á beltum eða dráttarvélar sem alfarið væri notaður utan vega og ökutæki ætluð til aksturs á afmörkuðum skilgreindum svæðum og ekki til notkunar á almennri umferð væru dæmi um ökutæki sem falla myndu undir ákvæðið. Þá væri ákvörðun um að veita undanþágu frá skráningu í verkahring Samgöngustofu. Ekki væri vafamál að eftirvagnar sem alfarið eru notaðir utan vega og ekki í almennri umferð séu undanþegnir skráningarskyldu samkvæmt ákvæðinu.

Varðandi það hvað teldist „nær eingöngu utan opinberra vega“ væri rétt að hafa í huga að samkvæmt frumvarpi til umferðarlaga nr. 50/1987 er undanþága frá skráningu ákveðin með hliðsjón af öryggissjónarmiðum. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að umferðarlögum kæmi fram að undanþágan væri hugsuð til þess að ekki þurfi að skrá ökutæki sem notuð eru á afmörkuðu vinnusvæði. Ráðuneytið tæki undir með Samgöngustofu sem segði í umsögn sinni að svokölluð „bændaleyfi“, þ.e. flutningur bænda á heyi, áburði, jarðvegi o.fl. innan eigin

jarða og einnig stystu leið milli landareigna sem þeir nýti, séu skýrt dæmi um hvenær ökutæki telst nær eingöngu notað utan opinberra vega. Hins vegar verði t.d. flutningur á vinnuvélum og öðrum búnaði á óskráðum eftirvögnum um langar vegalengdir og jafnvel bæjarfélaga á milli á vegi með öðrum skráningarskyldum ökutækjum ekki talið til aksturs nær utan opinberra vega, jafnvel þó að eftirvagninn sé utan þess nær eingöngu notaður utan opinberra vega. Því skyldi skrá slíka vagna. Að lokum kom fram að álitæfnin í fyrirspurn samtakanna væru meðal þess sem haft yrði í huga við endurskoðun umferðarlaganna sem nú standi yfir. Samkvæmt ofangreindum upplýsingum frá ráðuneytinu er nauðsynlegt að skrá eftirvagna sem notaðir eru víðar en á afmörkuðum vinnusvæðum. Heimilt er að fara með óskráða vagna stutta vegalengd, t.d. ef þvera þarf veg til að komast milli afmarkaðra vinnusvæða.

Í dómi héraðsdóms Norðurlands eystra frá 16. nóvember 2017 í máli nr. S-39/2017 var ákærði sakfelldur fyrir að hafa óskráða eftirvagna aftan í bifreið á þjóðvegi, þar sagði m.a. í niðurstöðum:

„Flatvagn“ sá sem ákærði notaði til flutninganna er vagn þeirrar gerðar sem gjarnan er notuð til flutnings á heyrúllum af túni heim að útihúsum. Mun ákærði hafa keypt vagninn til slíks verkefnis og því ekki skráð hann, enda munu slíkir flutningar vera nær eingöngu utan opinberra vega, þótt oft kunni að háttá svo til að aka þurfi eftir slíkum vegum einhvern spöl. Með því að taka vagninn til notkunar á opinberum vegum í því skyni að flytja fóður úr kaupstað fleiri tugi kílómetra í hverri ferð þykir ákærði hafa farið fram úr þeirri heimild sem ákvæðið veitir til að nota hann óskráðan. Verður því fallist á það að með þeirri notkun hafi ákærði brotið gegn 1. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Tengivagninn sem ákærði hafði aftan í pallbifreiðinni var óskráður og hafður aftan í bifreið. Varðar það við sama ákvæði.

Þrátt fyrir að í umræddu dómsmáli hafi eftirvagn verið langt yfir leyfilegri heildarþyngd og því e.t.v. ekki gott dæmi um hvenær vafi leikur á um skráningarskyldu telja Bændasamtökin mikilvægt að við heildarendurskoðun umferðarlaga verði skýrt í hvaða tilvikum þarf að skrá eftirvagna og hvaða kröfur eru gerðar til aðbúnaðar o.fl. á skráðum sem óskráðum eftirvögnum.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir